



Fornleifaskráning

vegna mats á umhverfisáhrifum
fyrirhugaðrar Kröflulínu 3 frá
Fljótsdal að Kröflu.



Bjarni F. Einarsson 1999

Forsíðumyndin sýnir fornan stekk við Jökulsá á Brú. Hinum megin við ána, beint fyrir ofan rústirnar, er Stuðlafoss. Þar stóð áður fyrr hjáleiga með sama nafni. Horft til SA. Ljósm. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Landsvirkjun/Línuhönnun

© Bjarni F. Einarsson
Desember 1999

Inngangur


Að beiðni Línuhönnunar hf. kannaði undirritaður fyrirhugað línustæði Kröflulínu 3. A.m.k. 50 m breið skák var könnuð beggja megin við línuna. Hið kannaða línustæði nær frá Jökulsá í Fljótsdal að Kröflu við Mývatn, samtals um 124 km vegalengd.

Farið var í gegnum helstu heimildir svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Frásögur um fornaldarleifar, Árbók Hins íslenska fornleifafélags, Fornleifaskrá og heimildir á Örnefnastofnun (sjá nánar kaflann um heimildir í lok skýrslu).

Nær öll vegalengdin var könnuð á vettvangi og gengið úr skugga um hvort og hve margar fornleifar kynnu að finnast á línustæðinu eða við það. Svæði sem ekki náðist að kanna voru kaflar vestan megin við Jökulsá á Fjöllum, frá ánni að austurenda línuvegar við hraunjaðar og miðbik Fljótsdalsheiðar. Hugsanleg efnistökusvæði voru ekki skoðuð, né heimreiðar, enda ekki ákveðin enn.

Vettvangsvinna fór fram dagana 19. – 21. október og 25. – 27. október síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Í hverju sveitarfélagi (hreppi) er byrjað á númer 1.

Umboðsmaður og umsjónarmaður verkkaupa var Sigfinnur Snorrason hjá Línuhönnun hf. Snæbjörn Pétursson, fyrrum hóteltjóri í Reynihlíð, veitti margar gagnlegar upplýsingar um minjar vestan megin við Jökulsá á Fjöllum og ábúendur á Hákonarstöðum í Jökuldal veittu sömuleiðis gagnlegar upplýsingar um minjar þar. Kann ég þessum aðilum öllum kærar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.




Mynd 1. Horft yfir Víðidal frá suðausturhlíðum Rauðanúps. Skarðið hægra megin við miðju myndarinnar heitir Sótaskarð og undir því er fornt býli er heitir Sótastaðir. Það var ekki skráð enda langt frá fyrirhugaðri línu. Ljós. B.F.E.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar. Í næsta nágrenni við línuna eru þó friðlýstar fornleifar. Skammt norður frá Möðrudal eru ónafngreindar fornþæjarrústir sem friðlýstar voru árið 1930 (Fornleifaskrá 1990:56 og Kålund 1879-82:186). Þessara rústa varð ekki vart í nágrenni línustæðisins.¹ Hér hlýtur að vera átt við sömu rústir og nefndar eru í Sýslu- og sóknarlýsingum (1994:228). Þær eru sunnan undir Selhól. Eru minjarnar fyrir utan hið kannaða svæði og ekki í nokkurri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Skv. þjóðminjalögum frá 1990, með síðari breytingum, eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi fornleifanefndar (17. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum

¹ Í Kålund 1877-82, stendur að rústirnar séu „en del nord for Möðrudal...“ (1879-82:186).



Mynd 2. Yfirlit yfir staðsetningu fornleifa við Kröflulínu 3. Bláir punktar sýna fornleifar í lítilli hættu, grænn punktur sýnir fornleifar í engri hættu. Rauð lína, fornleið nr. 5, sýnir fornleifar í mikilli hættu. Línustæðið er ónákvæmt, sjá nánar meðfylgjandi kort.

og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals fundust 8 staðir með fornleifum á hinu kannaða svæði í tveimur hreppum, einn í Jökuldalshreppi og sjö í Skútustaðahreppi. Fimm staðir geymdu aðeins eina rúst eða fornleifar. Aðrir staðir geymdu 4 – 5 fornleifar. Samtals fundust 18 fornleifar á þessum stöðum, þar af 17 í Skútustaðahreppi.

Af þessum 8 stöðum teljast fjórir hafa hátt minjagildi, þrír talsvert minjagildi og einn lítið minjagildi. Tveir staðir í Skútustaðahreppi, nr. 1 og 4, hafa hátt minjagildi, þó einstakar rústir staðanna teljist hafa talsvert eða lítið minjagildi. Gildi staðanna felst í heildinni. Á þessum stöðum leynast vafalaust fleiri rústir. Við aðrar aðstæður, svo sem fyrr á árinu, meiri birtu o.s.frv. gætu þessar rústir komið í ljós.

Aðeins einn staður er talinn í mikilli hættu vegna hinnar fyrirhuguðu línuleiðar, en það er fornleið nr. 5:1. Hann hefur talsvert minjagildi.

Rúmur helmingur fornleifanna voru í ágætu ástandi eða tíu stykki. Í sæmilegu ástandi voru sex og í lélegu ástandi voru tvær fornleifar.

<i>Nr.</i>	<i>Teg.</i>	<i>Fj.</i>	<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Minjagildi</i>	<i>Friðlýst</i>	<i>Áað merkja?</i>
<i>Jökuldalshreppur:</i>									
1:1	Rétt	1	Rafm.lína	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
<i>Skútustaðahreppur:</i>									
1:1-5	Selstaða	5	Rafm.lína	Lítil	Ágætt	1550-1900	Hátt	Nei	Já
1:1	Rúst (bæjarhóll?)	1	Rafm.lína	Lítil	Ágætt	1550-1900	Hátt	Nei	Já
1:2	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:3	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:4	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
1:5	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
2:1-4	Eyðibýli	4	Rafm.lína	Lítil	Ágætt	-1550	Hátt	Já	Já
2:1	Skáli	1	Rafm.lína	Lítil	Ágætt	-1550	Hátt	Já	Já
2:2	Rúst (fjós?)	1	Rafm.lína	Lítil	Ágætt	-1550	Hátt	Já	Já
2:3	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Ágætt	-1550	Hátt	Já	Já
2:4	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Ágætt	-1550	Hátt	Já	Já
3:1	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
4:1-4	Eyðibýli	4	Rafm.lína	Lítil	Sæm	1550-1900	Hátt	Nei	Já
4:1	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Já
4:2	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
4:3	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
4:4	Rúst	1	Rafm.lína	Lítil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
5:1	Fornleið	1	Rafm.lína	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Já
6:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt	Nei	Já
7:1	Fornleið	1	Landeyðing	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Já

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar.

Í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda var einn staður með einum fornleifum. Í lítilli hættu (mjög lítilli) voru fimm staðir með 15 fornleifum og í engri hættu er einn staður með einum fornleifum.

Ástæða þykir til að friðlýsa sérstaklega stað nr. 2, fornar rústir landnámsbýlisins Hala. Rústirnar voru rannsakaðar lítillega sumarið '95. og var niðurstaðan sú að þær væru eldri en 1000. (Bjarni F. Einarsson m.fl. 1996).

Sjá nánar fornleifaskrá.

Helstu fornleifar

Hér verður aðeins getið fornleifa í Skútustaðahreppi.

Nr. 1:1-5. Skarðssel. Þegar Sýslu- og sóknarlýsingarnar voru gerðar á árunum 1839 – 1844 var Skarðssel talið vera selstaða frá Reykjahlíð (Sýslu- og sóknarlýsingar 1994:123). Í lýsingu Skútustaðapings eru sjö sel talin frá jafn mörgum bæjum. Skarðselin eru trúlega tvö, auk Skarðssels frá Reykjahlíð er Skarðssel frá Vogum.

Rústirnar eru miklar um sig og heilar. Parna getur hafa verið búskapur einhverntímann fyrr á öldum um lengri eða skemmri tíma, þó engar heimildir séu til um það. Rústirnar eru óvenju miklar fyrir sel.

Nr. 2:1-4. Hali. Þessa fornbýlis er hvergi getið í heimildum. Ábúendur í Reynihlíð hafa þó þekkt til þessara rúst um nokkurt skeið.² Býlið er mjög fornt eða frá því fyrir árið 1000. Þarna sjást í dag alla vega fjórar rústir, skáli, meint fjós, hugsanlegt jarðhýsi og rúst. Einnig má sjá þarna hugsanlegan öskuhaug. Ef svæðið yrði kannað betur er lítill vafi á því að þarna finnist fleiri rústir.

Athyglisvert er að skálinn og hið meinta fjós eru nánast eins í laginu, með samskonar viðbyggingum við annan endann. Sé um fjós að ræða í öðru tilfallinu, á það sér enga þekkta hliðstæðu hér á landi enn sem komið er. Skálinn á sér eina hliðstæðu hér á landi og er það skáli Granastaða í Eyjafirði (Bjarni F. Einarsson 1995). Minjarnar á Hala eru mjög vel varðveittar, en um þær liggur slóði sem gæti valdið spjöllum þegar fram í sækir. Hann þarf að hverfa og alls ekki notast við fyrirhugaða línulögn.

Nr. 4:1-4. Austarasel. Bæjarhúsarústin er eina heillega rústin sem nú er sýnileg á staðnum. Aðrar hafa verið jafnaðar út í seinni tíð. Trúlega eru fleiri minjar undir yngri rústum og sandi sem þarna fýkur um. Svæðið er vatnsupptökusvæði og væntanlega verndað sem slíkt. Mögulega stafa rústunum meiri hættu af landeyðingu en hinni fyrirhuguðu línu.

Árið 1729 verður 13 ára gamall drengur, Bjarni Jónsson, úti þegar hann leitaði kúa norður af Reykjahlíð. Tveim árum síðar finna tvær selráðskonur úr Austaraseli lík piltsins (Hannes Þorsteinsson 1928-31:369-70).

Rúmri öld síðar, eða um 1860, byggja hjón nokkur bú að Austaraseli. Hétu þau Jón „gæska“ Jónsson og kona hans Jóhanna. Þau voru vel efnuð í fyrstunni, en misstu fé í hallæri miklu árið 1867. Upp úr því fara Mývetningar að reyna að koma hjónakornunum burt til að koma í veg fyrir að þau lendi á framfæri hreppsins. Árið 1870 eru þau horfin á braut og nýr bóndi tekinn við, Sigurjón Guðmundsson. (Benjamín Sigvaldason 1950:153-57). Austarasels er merkilegt nokk hvergi getið í manntölum (frá 1703 og áfram).

Í manntali frá 1845 er vinnumaður nokkur til heimilis í Reykjahlíð 2. Hann hét Jón Jónsson, þá 28 ára gamall. Á sama bæ bjó einnig vinnukona, 24 ára gömul, sem hét Jóhanna og var Sigurðardóttir. Þau voru bæði ógift. (Manntal á Íslandi 1845:367). Kannski voru það þau sem reyndu fyrir sér í Austaraseli nokkrum árum síðar.

Nr. 5:1. Fornleið frá Mývatni að Jökulsá á Fjöllum og áfram austur. Ekki er vitað hvar leiðin liggur nákvæmlega yfir fjallið vestur af Hlíðardal. Hugsanlega hefur hún þó legið í gegnum Hvíthólaklif í átt að

² Snæbjörn Pétursson, fyrrum hótelsstjóri, benti undirrituðum á flessar rústir árið 1989. Fékk hann undirritaðan til að koma og skoða rústirnar og í framhaldi af því var ákveðið að grafa nokkrar prufuholur á staðnum. Hótel Reynihlíð kostaði framkvæmdirnar (sjá Bjarni F. Einarsson o.fl. 1996).

Skarðsseli. Þaðan hefur hún legið til Austarasels og áfram austur að hrauninu í Austaribrekku. Leiðin kemur lítilega við sögu í frásögunni af Jóni „gæsku“ Jónssyni og konu hans Jóhönnu á Austaraseli.

Ekki reyndist unnt að greina leiðina á fyrirbyggjandi stafrænum loftmyndum, nema þar sem hún er teiknuð á meðfylgjandi kort. Trúlega væri þó hægt að rekja leiðina á venjulegum loftljósmyndum á mun lengri kafla en nú var gert. Hún sást t.d. greinilega á vettvangi víða á Austaraselsheiði og þar sem hún fór upp Austaribrekku (sjá ljósmynd í fornleifaskrá). Frá Austaribrekku liggur hún í norðlæga átt og kemur ekki frekar við sögu línunnar.

Nr. 7:1. Fornleið. Þessi leið, eins og hún lítur út í dag, mun hafa verið gerð um 1880-90 sem póstleið. Hugsanlega hefur hún verið sett ofan í fyrirbyggjandi leið sem getið er um í Sýslu- og sóknarlýsingum árin 1839–44. Sú leið var vörðuð og eru það væntanlega sömu vörður og sjást enn í dag, sumar hverjar endurhlaðnar í seinni tíð. Þær liggja yfirleitt dálítið frá sjálfum veginum, en slíkt er ekki óvanalegt.

Leiðin sást aðeins á kafla á fyrirbyggjandi stafrænum loftmyndum, sbr. meðfylgjandi kort. Hana væri vafalítið hægt að rekja betur á venjulegum loftljósmyndum eða þar sem hún hverfur ekki undir núverandi hringveg.

Aðgerðir

Að mati undirritaðs er nauðsynlegt að gera eftirfarandi ráðstafanir við Kröflulínu 3.

- A) Eyða slóða sem liggur við og yfir rústir Hala í Hlíðardal. Þannig verður komið í veg fyrir að slóðinn verði notaður í framtíðinni af þeim sem þurfa að fara línuleiðina. Trúlega þarf að setja upp skilti þar sem ástæðan er tilgreind.
- B) Skrá betur fornleiðina frá Skarðsseli að Austaribrekku. Nota þarf venjulegar loftljósmyndir á vettvangi.
- C) Skrá betur gömlu þjóðleiðina á sama hátt og fornleiðina.

Að mati undirritaðs væri heppilegt að:

- A) Færa línuna í norður eins langt frá fornþýlinu Hala og hægt er. Þannig yrði komið í veg fyrir sjónmengun frá bæjarstæðinu. Minjarnar á Hala eru í hæsta minjaflokki og ætti að friðlýsa þær að mati undirritaðs.

Breytingar á núverandi línuleið kalla á frekari athugun.

Niðurstaða

Alls fundust 7 staðir með 18 fornleifum við hina fyrirhuguðu Kröflulínu 3 frá Fljótsdal að Kröflu. Aðeins einn staðanna telst vera í

mikilli hættu, þ.e.a.s. gamla þjóðleiðin frá Mývatni austur á land (nr. 5). Leiðina var ekki hægt að rekja á stafrænum loftmyndum eins og fram kemur í kaflanum á undan. Sama má segja um yngri þjóðleið (nr. 7).

Við fornþýlið Hala (nr. 2) er dreginn stór hringur, sem ætti að tryggja, sé framkvæmdum haldið fyrir utan hringinn, að engar fornleifar verði fyrir hnjaski vegna fyrirhugaðrar línulagnar. Ákveðin sjónmengun er þó af línunni og best væri ef hægt væri að færa línuna lengra til norðurs, í hvarf frá fornþýlinu.

Varast ber að leggja línuvegi, og heimreiðar að þeim, of nálægt fornleifum og hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur ekki of nálægt þeim. Einnig ber að haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifanna.

Eftirmáli

Undanfarin misseri hefur Fornleifastofnun Íslands verið með fornleifaskráningu í Skútustaðahreppi. Í sumar eða haust sem leið mun stofnunin hafa verið við skráningar á svæðinu austur af Námaskarði, en skýrsla um það ekki á lausu enn. Skráningin var ekki framkvæmd af fornleifafræðingi.

Heimildir

- Benjamín Sigvaldason. „Þáttur um Sigurgeir „hinn sterka“.
Sagnaþættir. I. Bindi. Reykjavík 1950.
- Bjarni F. Einarsson. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach.*
Granastaðir and the Ecological Heritage. Reykjavík 1995.
- Bjarni F. Einarsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. Forkannanir á
fornþýlinu Hala í Hlíðardal í Þingeyjarsýslu 1994 – 1995.
Frumskráning, frumteiknun, prufuholur og greining gjósku.
Reykjavík 1996.
- Eysteinn Tryggvason. „Stöng og önnur eyðibýli við norðanvert
Mývatn.“ *Árbók Þingeyinga* 1991.
- Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd –
Þjóðm. Ísl. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Hannes Þorsteinsson. „Um hvarf þilts í Reykjahlíð 1729.“ *Blanda IV.*
Fróðleikur gamall og nýr. Reykjavík 1928-31.
- Kålund, Chr. *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island.*
II Bd. København 1877-1882.
- Manntal á Íslandi 1845.* Norður- og Austuramt. Reykjavík 1985.
- Pétur Jónsson. Örnefnaskrá. Handrit, ódagsett. Pétur Jónsson (1898 –
1972) skráði, líklega um 1960.
- Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska
bókmenntafélags 1839 – 1844.* Reykjavík 1994.
- Þjóðminjalög 1989, nr. 88, 29 maí. Með síðari breytingum.

Fylgiskjöl:

Kort I - IV með staðsetningu fornleifa. Mælikvarði ca. 1:10 000.